



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfseignarstofnun

## **Skólanámskrá SÍJ** **Tónmennt – 2. bekkur**

Söngur spilar stóran þátt í tónmenntakennslu í Ísaksskóla þar sem nemendur syngja fjölbreytt lög af söngdagskrá skólans. Einnig er unnið með frumbætti tónlistar; takt, tónhæð og tónstyrk í gegnum virka hlustun. Unnið er með tónlistarhugtök og ólíkar tónlistarstefnur. Nemendur leika á skólahljóðfæri og ásláttahljóðfæri og kynnast helstu hljóðfærafjölskyldunum. Nemendur undirbúa álfadans með söng og hljóðfærum í janúar og sýna á sal.

### **Matsviðmið**

#### **Tónmennt**

Nefnt skólahljóðfæri og helstu hljóðfærafjölskyldurnar.

Hlustað á, greint á milli og talað um mismunandi hljóð út frá efnisþáttum s.s. tónstyrk, hraða, þúls, tónblæ og formi.

Bekkt muninn á tónlistarhugtökum s.s. sterku og veiku, hröðu og hægu, háum tónum og djúpum tónum.

Sungið sönglög og þulur af ólíkum toga, lög af söngdagskrá og flutt valin sönglög með bekkjarfélögum sínum, t.d. á bekkjarskemmtun.

Leikið þúls eða einfaldan hryn á ásláttarhljóðfæri, skólahljóðfæri eða heimatilbúið hljóðfæri.

Sýnt áherslu í takti gegnum hreyfingu.

Hljóðskreytt sögu/ljóð/hugmynd með ólíkum hljóðgjöfum/hljóðfærum, heimatilbúnum eða skólahljóðfærum.

Tjáð sig, með einföldum hugtökum, um tónlist og hljóð þar sem greint er á milli staðreynda og eigin skoðana og upplifunar.

Tekið þátt í álfadansi í janúar, sýning á sal. Dansað, sungið og spilað á ásláttarhljóðfæri.

#### **Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

## **Námsmat**

Kennari metur hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birtir á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Kennari metur þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun og kannanir.